



Reykjavík, 2. desember 2021

R21110297

600

HH

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Eiðisgrandi - Ánanaust - deiliskipulag

Á fundi borgarráðs þann 2. desember 2021 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 25. nóvember 2021, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 24. nóvember 2021 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Eiðsgranda - Ánanausta, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Hér er jákvætt skref í átt að nýjum áningarstað og bættu aðgengi fólks að vesturströndinni, en tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins þess efnis var lögð fram 12. maí 2021 í skipulags- og samgönguráði. Umsögn skipulagsfulltrúa frá 21. maí 2021 var jákvæð og segir þar að ekkert sé því til fyrirstöðu að aðgengi verði bætt og þessi nýi áningarstaður gerður betri. Mikilvægt er að halda áfram með þessa vinnu og bæta aðgengi niður fyrir varnargarðinn, en þar er hægt að njóta útsýnis og sólseturs í Vesturbænum með góðri hljóðvist í skjóli fyrir umferð.

Helga Björk Laxdal
e.u.